

Hugleiðingar Róberts R. Spanó:

Fjölskyldan, sem grundvallareining í samfélaginu, nýtur sérstakrar verndar í löggjöfinni, t.d. í 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar þar sem mælt er fyrir um friðhelgi heimilisins og fjölskyldunnar. Þá skalbörnum tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst, sbr. 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar. Þessi stjórnarskrárákvæði mynda því nokkurs konar grunn utan um lögfræðilega umfjöllun um málefni barna og fjölskyldna í lögfræðinni. Á undanförunum árum hafa rannsóknir á sviði lögfræði hins vegar fært heim sanninn um nauðsyn þess að lögfræðingar geri sér betur grein fyrir þeim félagslegu þáttum sem hafa áhrif og móta breytni og hegðun manna og eiga þannig réttilega að liggja til grundvallar mótun og breytingu lagareglna. Það er ekki nóg að kunna lagabókstafinn heldur er mikilvægt að skynja og gera sér grein fyrir raunveruleikanum sem lögnum er ætlað að vera hluti af.

Í þessu stutta innleggi vil ég í þessu sambandi nefna þrjá málaflokka sem nú eru í kastljósi fjölskylduréttarins, þar sem tillögugerð að breytingum á reglum hefur m.a. mótast verulega á grundvelli fenginnar reynslu um þýðingu eldra reglna og rannsókna á þessu sviði í öðrum fræðigreinum en lögfræði: Í fyrsta lagi vil ég nefna tillögur um mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis. Í öðru lagi fyrirliggjandi tillögur í frumvarpi til breytinga á ákvæðum barnalaga nr. 76/2003 um forsjá, búsetu og umgengni. Og í þriðja lagi þann vanda sem íslenskt réttarkerfi stendur frammi fyrir í ljósi samfélagslegrar viðurkenningar á ólíkum fjölskyldugerðum.

II.

Í frumvarpi til laga, um breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002, sem Alþingi hefur nú til meðferðar, er lagt til að lögfestur verði nýr kafli um mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis.

Þeir sem komið hafa að frumvarpinu hafa lagt áherslu á að mat og aukið gæðaeftirlit geti stuðlað að betra réttaröryggi barna og betri árangri af úrræðum barnaverndaryfirvalda. Í nefndu frumvarpi er gerð tillaga um að framangreint mat og eftirlit verði í höndum þriggja mismunandi aðila. Nánar tiltekið er barnaverndarnefnd falið að fylgjast með ráðstöfun barns, Barnaverndarstofu er falið að fylgjast almennt með gæðum úrræðis og eftirlitsaðila á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins er falið að fylgjast með því að starfsemin uppfylli skilyrði laga.

Í þessu tilliti má nefna að nefnd, sem ég stýri, er skipuð var samkvæmt lögum nr. 26/2007, til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, taldi mikilvægt að margir kæmu að ákvörðun um og framkvæmd ráðstöfunar barns utan heimilis, þar sem samspil ólíkra aðila ynni að því að tryggja réttindi barns. Gera yrði ráð fyrir að einhverjir aðilar í viðmiklu öryggiskerfi hefðu tækifæri og væru líklegir til að vekja máls á því ef hagsmunir barns væru fyrir borð bornir eða grunur léki á broti gegn réttindum barns.

Því má bæta við að markmið kaflans er ekki síður að koma á óháðu eftirliti. Í þeirri viðleitni að tryggja frekar skilin milli, annars vegar faglegrar og fjárhagslegrar yfirstjórnar, og hins vegar eftirlits, og tryggja frekar sjálfstæði eftirlitsaðila, er því í frumvarpinu lagt til að félags- og tryggingamálaráðuneytið tilnefni óháðan sérfræðing til að heimsækja heimili og stofnanir með reglubundnum hætti.

III.

Nefnd sem skipuð var í desember 2008 til að fara yfir reglur barnalaga um forsjá barna, búsetu og umgengni skilaði í byrjun þessa árs tillögum sínum að breytingum á lögnum, með frumvarpi og

ítarlegri greinargerð, til dómsmála- og mannréttindaráðherra. Margvíslegar breytingar á gildandi lögum eru lagðar til og mun ég nú rekja helstu nýmælin sem er að finna í tillögum nefndarinnar.

Fyrst ber að nefna að lagt er til að í upphafi laganna verði lögfestur nýr kafli með einni grein, þar sem almenn réttindi barna verði áréttuð. Mikilvægt þykir að barnalögin hafi að geyma frekari almenn ákvæði en nú er um stöðu og réttindi barna til samræmis við ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Í ákvæðinu kemur fram að barn eigi rétt á að lifa, þroskast og njóta verndar, umönnunar og annarra réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska og án mismununar af nokkru tagi. Þá segir að óheimilt sé að beita barn hvers kyns ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi. Því næst er áréttuð sú meginregla að það sem barni sé fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir um málefni þess. Barn eigi að auki rétt á að láta skoðanir sínar í ljós í öllum málum sem það varða og skuli tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur og þroska.

Ein af tillögum nefndarinnar felur í sér veigamiklar breytingar á gildandi löggjöf, en hún lýtur að því að foreldrum verði gert skylt að leita sátta hjá sáttamanni áður en unnt er að krefjast úrskurðar eða höfða mál um forsjá, lögheimili, umgengni, dagsektir eða aðför. Markmiðið með þessari sáttameðferð er að hjálpa foreldrum að gera samning um þá lausn máls sem barni er fyrir bestu. Samkvæmt gildandi lögum ber sýslumanni að bjóða foreldrum slíka sérfræðiráðgjöf, en þeim er hins vegar ekki skylt að þiggja hana.

Þá er lagt til að dómurum verði veitt heimild til þess að ákveða að foreldrar skuli fara sameiginlega með forsjá barns ef hann telur að sameiginleg forsjá geti þjónað hagsmunum barnsins, jafnvel þótt annað foreldra sé því andvíg. Við mat dómara ber honum samkvæmt tillögu nefndarinnar að taka mið af því hvort forsjáin hafi áður verið sameiginleg, aldri og þroska barns og hvort ágreiningur eða samskipti foreldra séu líkleg til að koma í veg fyrir, hindra eða draga úr möguleikum barns til að alast upp við þroskavænleg skilyrði

IV.

Í lokin vil ég koma örstutt inn á þau álitamál sem upp hafa komið í sambandi við ólík sambúðarform einstaklinga í íslensku samfélagi. Í kjölfar aukinnar umræðu á opinberum vettvangi um mismunandi kynhneigðir fólks hafa heyrst sífellt háværi kröfur um að í löggjöfinni sé nægilega gert ráð fyrir þeim einstaklingum sem ekki falla að hinu hefðbundna sambúðarformi karls og konu, hvað fjölskyldumálefni varðar. Sem dæmi er hér um að ræða samkynhneigða einstaklinga, tvíkynhneigða og transgender einstaklinga. Með nýlegri setningu laga um breytingu á lagaákvæðum er varða réttarstöðu samkynhneigðra (sambúð, ættleiðingar, tæknifrjóvgun), má segja að skref hafi verið tekið í þá átt, en þó má velta því fyrir sér hvort leggja þurfi í frekari endurskoðun laga er varða fjölskyldumálefni með tilliti til þess sem á undan er rakið.

V.

Að þessu sögðu vil ég í lokin setja fram tvær spurningar fyrir þátttakendur til frekari hugleiðingar um efnið:

1. Hvernig þjónar sameiginleg forsjá hagsmunum barnsins?
2. Eiga lögin að gera ráð fyrir ólíkum fjölskyldugerðum?